



Viljayfirlýsing

um minnismarki kvennabaráttunnar

Reykjavíkurborg og fulltrúaráð verkalýðshreyfingarinnar í Reykjavík lýsa yfir sameiginlegum vilja til að setja upp minnismarki í borgarlandi Reykjavíkur sem heiðrar sögu og framlag Rauðsokkahreyfingarinnar í baráttunni fyrir jafnrétti, félagslegu réttlæti og bættum lífskjörum á Íslandi.

Minnismarkið er endurgerð *Venusar* eða *Sáttarinnar* sem var gerð af Jóni Benediktssyni fyrir leikmynd Messíönu Tómasdóttur fyrir leiksýninguna Lýsisströtu árið 1970, leikstjóri var Brynja Benediktsdóttir. Styttan var síðan fengin að láni 1. maí 1970 þegar konur á rauðum sokkum ákváðu að fylkja liði í kröfugöngu verkalýðsins í Reykjavík en sá viðburður markaði upphaf Rauðsokkahreyfingarinnar.

Minnismarkið verði staðsett á áberandi, aðgengilegum og merkingarbærum stað í borginni í samráði við gefanda verksins. Verkefnið skal styðja við menningarlega sjálfsmynd Reykjavíkur sem jafnréttisborg og vera hluti af viðtækari viðleitni til að gera sýnilegt framlag kvenna í opinberu rými.

Við undirrituð erum sammála um að vinna saman að undirbúningi, fjármögnun og framkvæmd verkefnisins, og tryggja að minnismarkið verði reist með virðingu fyrir baráttusögu kvenna og framtíðarsýn um réttlæti og jöfnuð í samfélaginu.

Reykjavík, 23. október 2025


F.h. Reykjavíkurborgar


F.h. fulltrúaráð verkalýðshreyfingarinnar
í Reykjavík



Reykjavík